

## Lítið lífsins bros

### Rætt við Brimar

#### Sjómaður, meiri fisk, meiri fisk

J.S.B. í horni málverks stendur fyrir Jón Stefán Brimar, hvorki meira né minna, auk þess er maðurinn Sigurjónsson. Stór maður vexti og stendur undir mörgum nöfnum. Ferðast títt um bæinn á reiðhjóli; lífsins lystisemdir í hefðbundnum skilningi freista hans ekki. *Lífsins list* stendur honum nær og er honum í blóð borin, nefnilega málalalisti. Sem daglaunamaður er hann húsamálari, en meðan aðrir láta gjarnan matast af fjölmiðlum – eða sofa, talar Brimar við sinn innri mann. Þeir talast við á striga „í lit“. Þar á Jaðri, við slag báru og Brimnesár, verður sólarhringurinn langur og árangurinn eftir því; hans fáum við nú sem oft áður að njóta um sinn. Á göngum Ráðhúss Dalvíkur hefur Brimar hengt upp 39 verka sinna til sýnis og sölu. Ágóðinn rennur allur til Dalbæjar. Það er reyndar ekki ný saga að Brimar gefi verk sín. Hingað til hefur verið á fárra manna færi að koma á hann greiðslu fyrir myndir – hann þiggur þá í mesta lagi sem þóknun upp í efniskostnað. Undirrituð heyrði hann eitt sinn gefa þá skýringu að þar sem hann stundaði fulla dagvinnu upp á kaup, væru það eiginlega skattsvik ef hann tæki gjald fyrir myndirnar. Sjaldgæfur hugsunarháttur það, á ofanverðri 20. öldinni sem oft er kennd við lífsgæðakapplaup og aðra firringu.

## Síðasta viðtalið

Þetta viðtal birtist í staðarblaðinu Norðurslóð rétt fyrir jólin 1980.

Örfáum dögum síðar eða 23. desember lést Brimar skyndilega á göngum Ráðhússins.

Ekki ætla ég mér þá dul að fjalla á listfræðilegan hátt um málaraann Brimar og verk hans, bara labba með honum um ganga Ráðhússins og spjalla um nokkrar myndir með lífið og tilveruna sem ívað. Ef til vill kynnumst við eilítið nánar þessum hógláta, brosmilda manni með góðlegu augun milli skeggs og skyggnishúfu. Hann ber sjálfan sig ekki á torg á hverjum degi.

*„Þetta eru nú ekki bestu myndirnar mínar sem eru hér núna, nei, nei. Þið fáiið kannske einhvern tíma að sjá þær. Þetta eru bara svona sýnishorn. – Þessi hérna er úr Ytrivíkinni, þar er gott að vera. Þessi klettur virðist í fljótu bragði ekkert sérstakur en býr yfir ýmsu ef vel er að gáð. Þú sérð líka að ég hef málað í hann fullt af vættum.“*

Víst sé ég vættir. Kletturinn bókstaflega iðar af kynjaskepnum. Ætli ég þori nokkurn tíma aftur niður í Ytrivík?

#### Slembra með ástarpungum.

##### Hvernig varð nafnið til?

*„Já, það er nú það.“* Listamaðurinn hlær dátt. *„Nafnið á henni þessari já. Það má eiginlega segja að nafn og myndefni sé til orðið fyrir áhrif frá Kjarval úr mynd sem heitir Hafragrautur og er núna í Ameríku. Nú ég hugsaði sem svo skyldi ég ekki líka geta málað graut, til dæmis skyrhræring? Hann var nú einu sinni ein algengasta fæðutegund okkar Íslendinga hér áður, finasti matur. Og þú sérð að í myndinni er blanda af ýmsu sem okkur stendur næst. Ástarpungarnir eru hér út um allt, en ástin – kærleikurinn – er einmitt rauði þráðurinn í lífinu.“*

Við skoðum landslagsmálverk og Brimar ræðir af innlifun um áhrif náttúrunnar á mannsandann, hvernig hún göfgi og lyfti.

„Umhverfi manns er stærsti áhrifavaldurinn. Það mótar og elur mann upp og sennilega er flestum það eðlilegast að eyða ævinni þar sem vaggan stóð í fyrstu. Já, þar sannast hið fornkveðna. Djúpt liggja rætur... römm er sú taug ... og svo framvegis.“

### Hefur þér aldrei dottið í hug að flytjast burt frá Dalvík?

„Jú mikil ósköp, einu sinni bjó ég fimm ár í Glerárþorpinu á Akureyri en ég eirði ekki. Hér líður mér best, í mínu upprunalega umhverfi.“

### Ertu ánægður með okkur sveitunga þína sem áhorfendur og þiggjendur að list þinni?

„Já, já. Mér hefur alltaf verið tekið vel hér. Og ég lít eiginlega á það sem nokkurs konar skyldu mína að mála fyrir mína eigin granna. Mitt umhverfi – mitt fólk. Öll erum við bræður og systur og eigum að hjálpast að. Samhjálp, samstaða og kærleikur, - á þessu byggist tilveran. Þannig göfgar umhverfið sem hefur veitt okkur þroska og skjól. Það er lóðið.“

### Hvernig finnst þér okkur mannfólkinu takast til í samspilinu við náttúruna?

„Því hef ég lýst hér í myndinni Ragnarök. Þarna sést hvernig maðurinn er að missa valdið á tækninni. Hann er með sverð í vinstri hendi sem táknar að hann kann ekki að beita því. Auk þess hefur hægri handleggur hans ummyndast í flugvélavæng. Svo úir og grúir af alls kyns vítisvélum í kringum hann, sprengju, fallbyssukúlum og alls konar eyðandi öflum. Svo felur hann sig á bak við þetta allt saman, þarna sérðu hönd hans efst til hægri hvar hún teygir sig fram og heldur um rofa, tilbúinn að setja allt í gang og hvað skeður þá?“

### Konan mesta furðuverkið

Víkjum aftur að rómantískari hliðum lífsins. Ilmur skógarins er næsti áfangastaður: Íturvaxin kona liggur nakin í skóginum, böðuð sólarljósi og snýr við okkur baki. Málarinn býður bolsíur og skýtur inn í:

„Þú sérð að það er jafnrétti í sýningunni hjá mér. Jafn margar myndir af báðum kynjum.“

Hann bendir á þrjár myndir af körlum og aðrar þrjár af konum.

„Konan er mesta furðuverkið í allri sköpuninni, það hef ég alltaf sagt þótt ég hafi aldrei verið giftur.“

Brimar hlær dátt.

„Það má líka segja að konan hafi frá upphafi verið driffjöðurin í allri list, sem myndefni og tilfinningaleg hvatning til listsköpunar. Hún hefur verkað sem krydd á listina, það er ekki nokkur vafi. Það er vegna þess hve mikil ást er alltaf í kringum konuna. Ástin er alls staðar grunntónninn og án hennar verður ekkert gert. Ást okkar á lífinu, náttúrunni, ást milli karls og konu, hún streymir alls staðar gegnum tilveruna. Hvað sjáum við til að mynda fegurra en unga elskendur sem haldast í hendur? Það bókstaflega geislar ást út frá þeim.“



Listamaðurinn baðar út höndum af innlifun í umræðuna um konur og ást og bendir næst á mynd í grænum lit sem heitir Flóra:



„Hér sprettur konan, furðuverk skaparans í allri sinni mynd upp úr blómkrónu við rætur fjallanna – það má segja að þetta séu eilífðarfjöllin. Öll búum við í skjóli fjalla og verðum fyrir áhrifum frá þeim.“

Sjómaður, meiri fisk, meiri fisk

Frá ást og eilífðarfjöllum göngum við og ég er snortin af næmi listamannsins á fegurð tilverunnar og mannbætandi viðhorfum til lífsins. Nú kveður við nýjan tón, nefnilega sjávarútvegsmál!

„Já, hér er sjómaður, nú verðum við að fá okkur fisk.“

Brimar skellihlær og býður harðfisk.

„Það vantar bara smjörið. Harðfiskur og smjör er í miklu uppáhaldi hjá mér. Ég segi líka stundum að með því að borða harðfisk og smjör stuðla ég að jafnvægi í byggð landsins. Styrki bæði sjómenn og bændur. Það má ekki gera upp á milli höfuðatvinnuveganna. – Já, nafnið á þessari mynd er sprottið af því að mér finnst við stundum gera og miklar kröfur

til sjómanna. Við heimtum sífellt meiri fisk, fiskur hefur jú lengst af verið aðalundirstaðan í lífi okkar. En við verðum að vara okkur á ofveiðinni. Ef þorskurinn deyr út er ég hræddur um að okkur verði ekki líft á hólmanum.“

Við röltum áfram, maulandi harðfiskinn og röbbum um myndir sem á vegi okkar verða. Hér er af nógu að taka, efniviður þessarar sýningar er margvíslegur og margir eru heimarnir sem opnast með leiðsögn listamannsins. Ólgandi fantasíur, landslag með ýmiss konar tilbrigðum, fólk af ýmsu tagi – allt frá íslenskum bændum, sjómönnum og eyrarkörlum upp í kínverskan geimfara. Allt myndir frá síðari árum.

**Þú hefur aldrei bundið þig við neina eina ákveðna stefnu í myndsköpun?**

„Nei, nei. Ég hef alltaf lifað frá degi til dags hvað það snertir og leyft áhrifunum að ráða eftir því hvernig þau koma yfir mig hverju sinni. Sjáðu til dæmis hvernig Picasso malar – alltaf eitthvað nýtt með hverri mynd. Enda er list hans sífellt lifandi og áhrifin frá henni dofna aldrei.“

Brimar hlær. „Já, maður finnur til smæðar sinnar frammi fyrir þessum stóru körlum og má ekki mikið segja, en það veitir manni mikla innsýn í lífið og listina að grúska í verkum þeirra. Og maður getur eins og maður getur, ekki betur. Um það er ekki að fást, bara passa sig á að mála ekki of mikið. Það er hættulegt. Ég fer stundum í ham og ræðst á hluti sem ég ræð ekkert við. Það er vont, og þá verð ég að éta harðfisk til að halda aftur af mér. Já, já. Það er ágætt ráð að éta harðfisk. Það er stundum eins og eitthvað yfirnáttúrulegt stjórni mér þegar ég er að vinna. Eins og það sé



ekki ég sjálfur sem held á penslinum. Þá mála ég og mála klukkustundum saman og stend svo eftir á steinhissa á þessu öllu saman.“

Hjólkoppur o.fl. dót...

„Nei ég held það sé verra að binda sig við eitthvað ákveðið. Prófa nýtt, leita. Það er það sem gildir. Ég fór til að mynda fyrir stuttu að prófa þessar dekoratífu myndir eins og þessa hérna. Óður til trésins.

Hún er gerð í tilefni af ári trésins. Það er lygilegt hvað fánýtir hlutir geta nýst vel í myndir. Þessi hjólkoppur hérna ber fjögurra laufa smárann uppi og gefur honum góðan bakgrunn. Þar upp teygir sig lífsins tré, fulltrúi hinnar eilífu móður náttúru, í sólargeislana. Sagað, neglt og málað, það er gaman að þessu. En þetta er nú meira svona dekoratíft en beinlínis listrænt.“

Fyrstu myndirnar

„Ég var held ég sautján ára þegar ég fór að dútla með olíulíti. Toni bróðir minn gaf mér fyrstu túbulitina sem ég eignaðist. Þeir voru reyndar ætlaðir til að lita með ljósmyndir. Bjarni heitinn Thor. frá Sauðanesi varð hrifinn af þessum myndum og fékk þær hjá mér. Ég var satt að segja steinhissa á hvað þær eru góðar miðað við kunnáttuleysið. Litirnir eru líka býsna ferskir ennþá þótt þeir væru ekki ætlaðir til að mála með þeim.“

Ásgeir P. Eini kennarinn

„Nei, ég hef aldrei lært neitt til myndlistar nema í barnaskóla hjá Ásgeiri P. sem þá kenndi mér teikningu, meðal annars. Hann hefur víst séð eitthvert efni í mér, því að hann veitti mér verðlaun fyrir teikningu. Ætli ég hafi ekki verið svona 10-11 ára. Það var ljóðabók Bjarna Thorarensen, fyrsta og eina viðurkenning sem ég hef fengið fyrir myndlist.“

Teiknaði með fingri á eldhúsgluggann

„Jú, ég hef sjálf sagt alla tíð verið haldinn þörf fyrir að tjá mig á þennan hátt, allt frá því ég man fyrst eftir mér, fjögurra eða fimm ára. Þá stóð ég gjarnan við gluggann í eldhúsinu og teiknaði með fingri í móðuna sem settist á rúðuna þegar verið var að sjóða matinn.

Maður var alinn upp með mikilli fátækt og átti ekki einu sinni blýant til að draga til stafs fyrr en í skólann kom. Svo fór ég strax að vinna, því að pabbi var sjúklingur og það var ekki um annað að



ræða fyrir mig. Einhver varð að vinna fyrir heimilinu. Það var því ekki um mikla örvun að ræða. Ég var lengi til sjós og var þá svolítið að dutla við að teikna í frístundum sem gáfust.“

### **Hugsar þú aldrei með beiskju til þessara ára og þess hlutskiptis að geta ekki aflað þér menntunar?**

Brimar hlær duggunarlítið og veltir tveimur málningarpenslum milli handa sér: „Nei, nei. Það geri ég ekki, það hefur engan tilgang. Ég er ánægður með lífið, sáttur við allt og alla. Ég hef fundið sjálfan mig og það er nú einu sinni það sem gildir. Maður er alltaf óafvitandi að leita að sjálfum sér, skapara sínum og hamingjunni. Þetta finnur maður á endanum með því að vera nógu jákvæður og ganga heill og óskiptur til verks. Ég lít svo á að lífsreynsla mín, brauðstritið – það að hafa ætíð þurft að vinna hörðum höndum – hafi haft bætandi áhrif á mig og myndir mínar.

Auðvitað dreymir mig um að helga mig eingöngu listinni, en það er líka hættulegt að einangra sig. Í starfi mínu sem húsamálari umgengst ég fólk og tek þátt í hinu daglega amstri í umhverfi mínu. Það er nauðsynlegt.“

### **Hvernig líður listmálaranum þegar hann hefur fyrir framan sig heilan vegg sem húsamálarinn verður að mála einlitan með rúllu?**

„Jú, það er oft gremjulegt.“

Nú hlær Brimar hrossahlátri.

„En maður er alltaf að hugsa um eitthvað annað, næstu mynd. Ég lít kannske út um gluggann þar sem ég er í vinnu og þá fæðist hugmynd. Eitthvert lífsmark í umhverfinu eða bara himninum setur allt af stað og maður brýtur heilann hvort ekki sé hægt að færa þetta út í mynd. Þessi heilabrot og gælur við næstu mynd hjálpa manni að þreyja þorrann og góuna í daglaunavinnunni. Ég er aldrei eingöngu að hugsa um vegginn sem ég mála, nei, nei.“

### **Sáttur við menn og skepnur**

„Maður má ekki standa utan við, það er nauðsynlegt að hrærast með og lifa listina – lífsins list. Ég elska lífið og tilveruna í kringum mig. Að vera sáttur við menn og skepnur er það sem færir manni frið. Og geta brosað. Þú hefur kannski tekið eftir nafninu sem ég valdi þessari fyrstu eiginlegu einkasýningu minni: Lítið lífsins bros? Hversu margir hafa ekki brotið heilann um bros Mónu Lísu gegnum tíðina? Já, það er ekki lítils virði að geta brosað. Og muna eftir skapara sínum svo að ekki fari fyrir manni eins og Adam og Evu þegar þau héldu að þau væru ein í Paradís.“

Listamaðurinn hlær konunglega og að því búnu kveðjumst við.

Norðurslóð þakkar Brimari fyrir ánægjustund. Í anda hans er ekki úr vegi að rifja upp máltæki eitt, enskt að uppruna, sem útleggja má svo: Brostu – og veröldin brosir með þér.

Brynja